

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 105/2004

frá 9. júlí 2004

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2004 frá 8. júní 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/821/EB frá 21. nóvember 2003 um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga á Guernsey ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5eg (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/490/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5eh. **32003 D 0821**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/821/EB frá 21. nóvember 2003 um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga á Guernsey (Stjtið. ESB L 308, 25.11.2003, bls. 27).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2003/821/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB 349, 25.11.2004, bls. 33 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 25.11.2004, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 308, 25.11.2003, bls. 27.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann